

**Sp. 238. Frumvarp til fjáralagalaga [97. mál]**  
fyrir árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1946, eru veittar kr. 95 598 692.41 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1. Póstur .....	kr.	1 283 507.29
en tekjur fóru kr. 321 462.13 fram úr fjárlagaáætlun.		
2. Sími .....	—	4 181 071.20
en tekjur fóru kr. 2 002 576.80 fram úr fjárlagaáætlun.		
3. Áfengisverzlun ríkisins .....	—	1 681 723.24
af kr. 17 471 597.89 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
4. Tóbakseinkasala ríkisins .....	—	350 343.76
af kr. 8 160 150.61 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisútvarpið .....	—	687 443.55
af kr. 1 387 329.30 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	—	299 336.18
af kr. 380 364.31 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
7. Áburðarsala ríkisins .....	—	4 165.88
af kr. 262 280.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8. Grænmetisverzlun ríkisins .....	—	63 493.79
af 111 401.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9. Landssmiðjan .....	—	429 200.10
en tekjur fóru kr. 341 200.10 fram úr fjárlagaáætlun.		

10. Vífilsstaðabúið .....	kr.	240 345.66
en tekjur urðu kr. 277 906.42.		
11. Kleppsbúið .....	—	203 489.01
en tekjur urðu kr. 218 446.22.		
12. Bessastaðabúið .....	—	96 050.63
en tekjur urðu kr. 80 598.76.		
13. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi .....	—	228 684.42
en tekjur urðu kr. 174 498.10.		
14. Skólabúið á Hólum .....	—	207 331.29
en tekjur urðu kr. 198 769.51.		
15. Skólabúið á Hvanneyri .....	—	559 966.89
en tekjur urðu kr. 341 243.55.		

---

Kr. 10 516 152.89

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.	eru veittar .....	kr.	88 031.19
— — — — 8. —	— — .....	—	7 795.16
— — — — 9. —	— — .....	—	1 166 381.00
— — — — 10. —	— — .....	—	1 153 038.72
— — — — 11. — A.	— — .....	—	2 552 187.58
— — — — 11. — C.	— — .....	—	956 221.69
— — — — 12. —	— — .....	—	543 205.94
— — — — 13. — A.	— — .....	—	7 480 519.96
— — — — 13. — B.	— — .....	—	948 994.86
— — — — 13. — C.	— — .....	—	308 207.54
— — — — 13. — D.	— — .....	—	484 777.65
— — — — 14. — A.	— — .....	—	613 365.02
— — — — 14. — B.	— — .....	—	4 208 529.21
— — — — 15. — A.	— — .....	—	160 766.49
— — — — 15. — B.	— — .....	—	437 362.93
— — — — 16. — A.	— — .....	—	1 428 798.23
— — — — 16. — B.	— — .....	—	1 468 095.04
— — — — 16. — C.	— — .....	—	70 985.19
— — — — 17. —	— — .....	—	5 885 580.10
— — — — 18. —	— — .....	—	1 384 530.05
— — — — 19. — 1.	— — .....	—	4 245 874.35
— — — — 19. — 2.	— — .....	—	7 307 423.77

---

Kr. 53 416 824.56

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar ..... — 42 181 867.85  
20. gr. Inn fór kr. 22 648 598.63 fram úr fjárlagaáætlun.

---

Kr. 95 598 692.41

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjárukalögum fyrir árið 1946. Í 1. athugasemd þeirra við ríkisreikninginn segir svo:

„Það hefur verið venja um alllangt skeið, að tekið væri upp í tillögur til fjárukalaga allar umframgreiðslur um fjárlög fram og allar greiðslur samkvæmt öðrum lögum, sömuleiðis greiðslur samkvæmt þingsályktunum og enn fremur greiðslur eftir væntanlegum fjárukalögum. Umframgreiðslurnar hafa verið teknar eftir hinum einstöku gjaldaliðum RR. og greinum fjárlaga.

Yfirskoðunarmenn hafa nú í samráði við fjármálaráðuneytið og samkvæmt bendingu frá því, í tillögum sínum um að leitað verði aukafjárveitinga um greiðslur um fjárlög fram, talið saman umframgreiðslurnar á hverri grein fjárlaga og greinum RR. Verður, þó þannig sé að farið, upphæð fjárukalaganna sú sama og þó farið væri eftir hinni eldri reglu, en kostnaður við prentun fjárukalaganna verður miklu minni en áður var. Sú mikla sundurliðun, sem verið hefur á fjárukalögunum, hefur að miklu leyti verið upprentun á RR. og ekki haft neina verulega þýðingu.

Um eitt atriði hefur nú og verið breytt til frá því er áður tíðkaðist. Um langt skeið hafa fyrningargjöld fasteigna ekki verið talin með í tillögum til aukafjárveitinga, þó að þau færu fram úr áætlun fjárlaga, en nú er fyrningin tekin með á sama hátt og önnur gjöld. Hvað heildarupphæð fjárukalaganna áhrærir skiptir þetta ekki neinu verulegu. Aðeins verða fjárukalögin nokkru hærri.

Ríkisbúin voru ekki tekin á fjárlög fyrir árið 1946. Í till. til fjárukalaga hafa yfirskoðunarmenn aðeins tekið rekstrarhalla þeirra ríkisbúa, er rekin voru með tapi.“

Í mörg ár hefur verið lagt fram frumvarp til fjárukalaga, byggt að öllu leyti á tillögum yfirskoðunarmanna og að efni til alveg samhljóða ríkisreikningnum, þannig, að allar umframgreiðslur, sem óskað er aukafjárveitingar fyrir, eru þar greindar. Ríkisreikningurinn er lagður fram sem fylgiskjal með og grundvöllur undir frumvarpi til laga um samþykkt á ríkisreikningnum. Alveg á sama hátt mætti hann vera grundvöllur undir frumvarpi til fjárukalaga, þegar tillögurnar víkja í engu frá honum, og í fjölda ára hefur Alþingi samþykkt frumvarp til fjárukalaga óbreytt frá því sem ríkisreikningurinn hefur talið umframgreiðslur.

Þess vegna hefur ráðuneytið nú, til þess að spara fyrirhöfn og prentunarkostnað, ákveðið að leggja frumvarp til fjárukalaga fram á svipaðan hátt sem frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningnum, og er vísað í ríkisreikninginn um sundurliðun umframgreiðslanna.